

FUNDARGERÐ

115. stjórnarfundur KRAFT

115. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á netinu (Messenger video chat) 20.ágúst kl.20.00.

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Lára (starfsmaður KRAFT), Aron Ingi, Inga María og Laufey.
Þórunn komst ekki á fundinn.

Muggur forfallaður.

Fundarritari : Laufey.

1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

2. AFREKSSJÓÐUR

Afrekssjóður hefur óskað eftir að fá skýrslu um hvernig styrknum frá þeim hefur verið úthlutað. ASJ mun boða til fundar og fara yfir stöðuna með fulltrúum KRAFT (Gry, Auðunn og Aron Ingi). Í síðustu fundargerð komu fram nokkur atriði sem verða árétuð í skýrslunni. Á fundinum var rætt um önnur verkefni sem hægt væri að nota styrkinn í :

- Styrkur til afreksfólk til að nota fagteymi muni nýtast fleirum.
- Skoða hvort hægt sé að halda dómarapróf.
- Hæfileikamótun ungmenna.
- Fyrirlestrar fyrir afreksfólk með fagfólki hérlendis og erlendis.
- Halda æfingabúðir með fyrirlestrum fyrir afreksfólkið, t.d. ein helgi í Borgarnesi.

Fundarmenn leggi hausinn í bleyti og sendi hugmyndir á milli af áhugaverðum fyrirlesurum.

3. STAÐAN Í FJÁRMÁLUM

Endurskoðandi hefur sent reikning á KRAFT. Lára mun greiða hann. Einnig hefur endurskoðandi óskað eftir að fá kvittanir.

4. ÍM Í KRAFTLYFTINGUM OG KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Skráningu lýkur um helgina. KRAFT sest niður í framhaldinu með MASSA og fer yfir reglurnar svo allir séu á „sömu blaðsíðunni“.

5. MÓTASKRÁ

Stjarnan er tilbúin til að taka Íslandsmeistaramótið í bekk með og án búnaðar í Garðabæ 24.október. Þann dag átti að halda bikarmótið í klassískum kraftlyftingum. Lagt til að sameina bikarmótin án og með búnaði. Bikarmótin verða 21. og 22. nóvember. Breytingar samþykktar. Það vantar ennþá mótshaldari í nóvember. Gry setur inn auglýsingu fyrir breytingu á mótaskrá og lýsir eftir mótshaldara fyrir bikarmótin.

6. NÝJAR SÓTTVARNARREGLUR

Almenn sátt með nýjar sóttvarnarreglur KRAFT. Gry sendir skjal á ÍSÍ og mun heyra í Líneyju hjá ÍSÍ í framhaldinu. Vonandi mun ganga greiðlega að fá samþykki frá sóttvarnarlækni. Þegar samþykki kemur munu reglur verða birtar á öllum miðlum KRAFT og sent á félög.

5. BRÉF TIL RÚV

Sjá 5. lið í fundargerð nr. 114.

Búið er að semja tölvupóst til RÚV, (á útvarpsstjóra, dagskrárstjóra númiðlunar og þáttastjórnanda). Gry las upp bréfið. Fundarmenn voru samþykkir að Gry sendir tölvupóstinn.

6. FAGTEYMISMÁL

Eru í vinnslu. Gry mun senda samningsdrög á Geir Gunnar Markússon næringarfræðing.

7. ÖNNUR MÁL

Vegna nýrra sóttvarnarregla mun Lára kaupa grímur, spritt og hanska.

8. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

9. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.20.50